

## Viðauki 4

- við samstarfssamning, milli Ísafjarðarbæjar og Snerpu um lagningu, eignarhald og rekstur ljósleiðara, dags. 14. júlí 2017

### Lagnaleiðir:

Áfangi 1: Dreifbýli í Brekkudal og Kirkjubólssdal í Dýrafirði. Hafrafell og Efri-Engidalur í Skutulsfirði.

Áfangi 2: Dreifbýli í Meðaldal og Haukadal í Dýrafirði.

Áfangi 3: Öfundarfjörður innan við brú að Hóli.

Áfangi 4: Öfundarfjörður frá Bjarnardal í Hjarðardal.

Einnig verður bætt við strengjum frá Skeiði í símsstöð á Þingeyri og frá Breiðadal í Holt í Öfundarfirði.

### Verklýsing:

Snerpa fullhannar verkið miðað við að nægilegur fjöldi þráða skal vera tiltækur til þess að allir fyrirséðir notendur sem óskað gætu eftir tengingu eigi þess kost. Nýta skal eftir kostum samlegð við aðrar framkvæmdir. Umfram annað sem er í umsókn fulltengir Snerpa nauðsynlega þræði frá mörkum verkefnisins við Skeiði inn til Þingeyrar í öllum brunnum á leiðinni og setur upp tengihillur í símsstöðinni á Þingeyri til að hægt sé að ljúka tengingu þar.

### Frávik:

Snerpa vinnur allt verkefnið á tveimur árum. Möguleiki er að ekki verði lokið við tengingu fæðingar í Brekkudal árið 2019 þar sem fyrirhugað var að vinna það verk í samvinnu við OV sem ekki hefur úthlutað fjármunum í þann kafla. Verður sá hluti verksins þá unninn 2020 en í millitíðinni verður fætt inn á áfanga 1 og 2 um örbylgjusamband frá Núpi eða Mýrum til Hóla.

Breyta þarf hönnun vegna áfanga 4 þar sem ekki er tiltækur þráður í stofnkerfi Mílu til að fæða inn samband í áfanga 4. Fyrirsjáanlegur er kostnaðarauki vegna þess og verður þess freistað að sækja um viðbótarfjármagn í Fjarskiptasjóð á árinu 2020 vegna þess. Komi fjármagn úr sjóðnum skal það allt renna til framkvæmda við áfanga 4. Fáist ekki fjármagn mun Snerpa leita annarra leiða til að koma á viðunandi stofnsambandi fyrir áfanga 4 mv. núverandi bandbreiddar þörf (100 Mbps pr. notanda) en veitir ekki tryggingu fyrir aukinni bandbreidd síðar ef þörf krefur.

### Kostnaðarskipting:

Kostnaðaráætlun vegna áfanga 1-4 er 41.222.090 Auk þess bætist við kostnaður vegna strengja frá Skeiði til Þingeyrar og frá Breiðadal í Holt og fornleifaskráningar sem er enn óljós.

Árið 2019: Ísafjarðarbær greiðir kr. 10.000.000 auk framsals á samþykktum styrk Fjarskiptasjóðs kr. 7.288.836 og byggðastyrk ráðherra kr. 5.000.000,- í verkefnið samtals kr. 22.228.836,-. Greiðslan er í formi styrks og er ekki virðisaukaskattsskyld.

Árið 2020: : Ísafjarðarbær greiðir kr. 10.000.000 auk framsals á samþykktum styrk Fjarskiptasjóðs (kr. 7.288.836) og byggðastyrk ráðherra ( kr. 5.000.000) í verkefnið samtals kr. 22.228.836,-. Greiðslan er í formi styrks og er ekki virðisaukaskattsskyld. Framlög ársins 2020 eru með fyrirvara um samþykki í fjárlögum og fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

Snerpa innheimtir inntaksgjöld hjá notendum og er heimilt að ákveða greiðslufyrirkomulag og upphæð þeirra með það að markmiði að sem flestir nýti sér tengingu.

Snerpa greiðir það sem upp á vantar óháð endanlegum kostnaði.

## Greiðslur vegna verkefnisins skiptast þannig:

Framlag Ísafjarðarbæjar hvort ár greiðist þannig að 10 dögum eftir undirritun samnings greiðast 80% af upphæð ársins 2019 og 20% þegar Snerpa staðfestir að tengingu a.m.k. helmings staða sé lokið og skilað samantekt yfir unninn hluta verksins. Árið 2020 greiðast 80% eftirstöðva þegar staðfest hefur verið að fyrirvarar um fjármögnun eru ekki lengur fyrir hendi og 20% eftirstöðva 20 dögum eftir að þegar Snerpa hefur skilað lokaskýrslu um allt verkið. Leiði fyrirvarar um fjármögnun árið 2020 til þess að ekki fáið fjármunir sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu er Snerpu heimilt að stöðva frekari framkvæmdir þar til úr því hefur verið leyst.

Ísafirði 3. maí 2018

f.h. Ísafjarðarbæjar

f.h. Snerpu ehf.